

# Tækniminjasafn Austurlands

## Fundargerð

Miðvikudagur, 23. júní 2021 kl. 18:00.

Fundað í Herðubreið, á Seyðisfirði.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Skúli Vignisson, Ingirafn Steinarsson, Bjarki Borgþórsson og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð.

### 1. Niðurstaða NTÍ vegna Hafnargata 38B - húseign

- Safninu hefur borist bréf frá Náttúruhamfaratrygginga Íslands, dagsett 9. júní 2021, vegna niðurstöðu á mati á tjónu Hafnargötu 38B. Niðurstaða NTÍ er að viðgerðarkostnaður sé hærri en brunabótamat hússins og að endurbygging þess sé ekki heimil af hálfu Múlaþings. NTÍ upplýsinga/staðfestingar frá byggingarfulltrúa um að fyrir liggi áætlun um förgun eða ráðstöfun rústa hússins. Þegar það liggur fyrir er hægt að meta hvað mikið af ofangreindum 8,5 milljónum NTÍ greiðir til tjónþola að viðbættum ofangreindum u.þ.b. 52 milljónum.
- Stjórnin felur forstöðumanni að senda Múlaþingi og byggingarfulltrúa bréf til þess efnis að Hafnargata 38B verði varðveitt sem útilistaverk eða minjar um hamfarirnar í desember 2020.

### 2. Niðurstaða NTÍ vegna Hafnargata 38B - lausafé

- Safninu hefur borist bréf frá Náttúruhamfaratrygginga Íslands, dagsett 9. júní 2021, vegna lausafé í Hafnargötu 38B. Það er mat NTÍ að 60% af þeim munum sem váttryggðir voru skv. váttryggingarskírteini, hafi eyðilagst í aurskriðunni.
- Stjórn samþykkir niðurstöðu bréfsins og felur safnstjóra að ganga frá málinu.

### 3. Fjármál safnsins

- Safnstjóri greinir frá að innistæða safnsins á bankareikning safnast upp eftir að tryggingarfé hefur verið greitt út síðustu mánuði.
- Stjórn er sammála að passa þarf upp á jákvæða ákvöxtun og safnstjóra falið að fá ráðgjöf um að geyma allt að 60% af bankainnistæðu á sparireikning með jákvæða ávöxtun, fjárfesta í sjóði eða eignastýringu.

### 4. Niðurstöður úr vinnuhópi

- Niðurstöður lagðar fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 18:00